

Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022–2036

563. mál, þingsályktunartillaga

Umsögn

Í fyrravor voru sett í samráðsgátt stjórnvalda drög að nýrri byggðaáætlun og nú hefur verið lögð fram á Alþingi „Stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036“.

Byggðapróun á sér margar hliðar en þróunin á liðinni öld er bein afleiðing af stefnu stjórnvalda. Um skynsemi hennar má efast, atburðir liðins árs ættu að ýta verulega undir efasemdir hugsandi fólks. Framlögð drög að byggðaáætlun marka enga stefnubreytingu frá því sem verið hefur og er ekki ætlað að snúa við byggðapróun liðinnar aldar eða svo. Það tel ég vera misráðið og er með tillögu um grundvallar breytingu í þessum efnunum.

Ég legg til einfalda og skýra byggðastefnu í þrem liðum;

- 1. Stjórnsýslu ætti að dreifa markvisst um landið, ríkisstofnunum og ráðuneytum.**
- 2. Þegar í stað ætti að hefja hraða og mikla uppbyggingu alþjóðaflugvalla(r) á Norðausturlandi en stöðva eða hægja á frekari uppbyggingu í Keflavík.**
- 3. Heilbrigðisþjónustu ætti að flytja út um land nær íbúum og minnka hlutverk hennar í Reykjavík, hátæknisjúkrahús ætti einnig að byggja upp á Akureyri í tengslum við HA sem gæti þjónað verulegum hluta landsmanna á mótí LSH.**

Það hefur lengi verið vitað að Reykjanes gæti rumskað og eldgosahrina hafist. Miklar líkur eru á að hún geti staðið í áratugi, jafnvel lengur. Það er raunhæf hætta á að eldsumbrot geti lamað megnið af þeim þáttum sem að ofan greinir. Það er áhætta sem engin þjóð ætti að taka að stjórnsýsla, heilbrigðisþjónusta og flugsamgöngur við umheiminn, geti á einu bretti meira og minna lamast.

Stjórnvöld telja nú mikla nauðsyn á að ríkið leggi í kostnaðarsamar aðgerðir til að bregðast við váttaföllum loftslagsbreytinga. Allt byggir það á almennt viðurkenndum vísindum, raunar umdeildara mál og áhættan fjær okkur en sú áhætta sem við búum við á Reykjanesi. Það er því fullkomlega óskiljanlegt að sömu stjórnvöld hunsu með öllu þá áhættu, sem er þó nánast við dyr stjórnarráðsins. Okkar færustu vísindamenn hafa undanfarin ár varað mjög ákveðið við þróun mála á Reykjanesi. Því er spurt; Hvenær á að hlusta á vísindamenn og hvenær ekki?

Áhættan er nú orðin mjög sýnileg með eldgosinu sem varð við Fagradalsfjall. Verkfræðingar hafa unnið að hönnun varnarmannvirkja fyrir innviði á Reykjanesi, lagnir, virkjanir, vegi og byggðir. Óvíst er þó hvort hægt sé að verja þessa innviði að fullu, enda ófyrirséð hvernig eldsumbrot þróast áfram. Okkar jarðvísindamenn telja þó fullvíst að fleiri eldgos verði á Reykjanesi á næstu árum og áratugum. Um áhrif þeirra á innviði og byggðir mun fara eftir staðsetningu, enginn veit hvar næst gýs.

Ef hamfarir lama Höfuðborgarsvæðið í dag, er lítið varaafli í landinu og allar líkur á stórfelldum brottflutningi fólks til nágrennalanda um lengri eða skemmri tíma, jafnvel meirihluta þjóðarinnar. Ef Keflavíkurflugvöllur lokast, t.d. vegna hraunrennslis, ösku eða rofs á tengingum, hafa aðrir flugvellir á landinu enga burði til að taka við hlutverki hans nema að mjög litlu leyti.

Síðast liðið haust var kynntur samningur um viðbótaruppbyggingu á Keflavíkurlflugvelli fyrir 23,5 mkr. Hefði ekki verið rökréttara við núverandi aðstæður, að þeir milljarðar færu í uppbyggingu á öðrum eða nýjum alþjóðaflugvelli? Þá er ég augljóslega ekki að tala um Hvassahraun!

Með markvissu 10 ára átaki eða svo, mætti dreifa þessari áhættu. Tryggja að ef til hamfara kæmi sem hefðu meiriháttar áhrif á SV-horninu væri stjórnkerfi, heilbrigðiskerfi og flugsamgöngur við útlönd að verulegu leyti í starfhæfu ástandi. Eftir um 10 ár gæti þannig umtalsverður hluti af millilandaflugi farið um Norðausturland og einnig ætti afkastageta heilbrigðiskerfis utan höfuðborgar að geta að verulegu leyti annað allri þjóðinni á neyðartímum.

Telji menn ólíklegt að til slíkra neyðartíma geti komið, má rifja upp hvort einhver bjóst við covid-19 fyrir einungis rúmum tveimur árum síðan og þeim áhrifum sem það hefur haft á heiminn. Og jú, svo hefur víst komið eldgos á Reykjanesi, hélt raunar að fólk hefði orðið vart við það!

Heilbrigðisstofnanir á landsbyggðinni eru margar vannýttar og hefur á köflum gengið illa að manna þær. Á sama tíma hefur LSH verið í vandræðum með sinn rekstur, raunar ekki bara eftir að covid fór að herja, heldur allar götur frá samruna sjúkrahúsanna á höfuðborgarsvæðinu. Stjórnun minni og sérhæfðari stofnana er hins vegar mun auðveldari. Með tilfærslu stofnana og stjórnsýslu út um landið, verða til fjölbreyttari atvinnumöguleikar víðar. Það auðveldar mjög mönnun bæði stjórnsýslunnar sjálfrar, stofnana og fyrirtækja.

Í leiðinni yrði þetta stórtæk byggðaaðgerð. Ávinningur yrði betri dreifing íbúa um landið og jafnari dreifing ferðamanna. Af hvoru tveggja leiðir jafnari atvinna einnig. Tæknivæðing samskipta og betri og betri samgöngur gera þetta ekki bara framkvæmanlegt, heldur skynsamlegt fyrir hagsmuni landsins til lengri tíma. Betra jafnvægi í byggð landsins þjónar ekki bara öryggishagsmunum heldur byggir það undir betri sátt í samfélaginu um grunnþætti, s.s. auðlindanýtingu og jafnt aðgengi að þjónustu.

Atvinnulíf þróast einnig eftir lögmálum hagkvæmni, hægt er að byggja undir þá hagkvæmni með markvissum aðgerðum, t.d. í skattamálum, þannig að það jafnist betur um landið samhliða stjórnsýslunni. Á sama hátt má nota bæði skattkerfið og t.d. námslánakerfi til að auðvelda mönnun heilbrigðisstofnana og jafnvel stjórnsýslustofnana einnig, út um landið. Ef farið verður í þær þrjár megin aðgerðir sem lagðar eru til hér í upphafi, er þó ólíklegt að svo sértækar aðgerðir þurfi til nema þá á einstökum jaðarsvæðum.

Söfnun stjórnsýslu, atvinnulífs og þar með fólks, á einn stað á landinu, er afleiðing af markvissri stefnu stjórnvalda liðna öld eða svo, ekki tilviljun eða náttúrulögmál. Þetta er áhætta sem ekki er verjandi fyrir þjóðina að taka til lengri tíma. Áhætta sem hefur verið að raungerast fyrir augunum á okkur, á köflum sýnileg út um glugga stjórnarráðsbygginga og þingmenn finna náttúruöflin reglulega undir fótum sér í ræðupúlti Alþingis.

Það er ekki skynsamlegt að sigla fulla ferð áfram í sömu stefnu þegar skerjagarður blasir við fyrir stafni. Stjórnvöldum ber skylda til að bregðast við. Af hverju á ekki að hlusta á okkar jarðvísindamenn, sem eru raunar með þeim færustu í heimi, en hlusta hins vegar á dómsdagsspár í loftslagsmálum sem eru þó mun fjarlægari ógn fyrir okkur? Að loka augunum er ekki mikil stjórnvíska þegar framtíð þjóðar er í húfi.

Grenivík vorið 2022, Þróstur Friðfinnsson.